



Alþingi
Erindi nr. P 130/46
komudagur 30.10.2003

Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Landbúnaðarnefnd
Alþingi við Austurvöll
Fax: 563 0430

Afrit: Umhverfisnefnd
Landbúnaðarráðuneyti
Umhverfissráðuneyti

Reykjavík 29. október 2003

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Í bréfi Margot Wallström, umhverfisstjóra Evrópusambandsins, dags. 26 sept s.l. vegna fyrirhugaðs innflutnings eldisseiða frá Noregi til Skotlands segir m.a.: *"The UK or Scottish authorities should verify that all import comply with the provisions of this Directive' and when required also with national rules on the conservation and protection of local fish populations."*

In your letter you focus on potential spread of diseases but I would also stress the need to protect biological diversity. I therefore share your view that we need to be cautious with transport of populations between areas and regions in order not to risk that different genetic populations will become mixed."

Náttúruverndarsamtök Íslands vilja vekja athygli Landbúnaðarnefndar á mikilvægi þess að vernda vernda íslenska laxastofnsins og afbrigða hans í samræmi við lög um náttúruvernd (1999 nr. 44)² og alþjóðlegar skuldbindingar, einkum Bernarsáttmálann og Sáttmálann um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Ríó 1992³.

Vísindalegar rannsóknir og margs konar athuganir staðfesta að laxeldi hefur í för með sér ýmis konar vandamál. Í fyrra sluppu 630.000 eldislaxar úr kvíum í Noregi sem er meira en heildartala hrygningarlaxa í norskum ám.⁴ Eldislax sækir upp í laxveiðiár og að hann getur

¹ Þ.e. tilskipun 91/67 EEC

² Sjá 41. gr. Náttúruverndarlaga um innflutning dýra þar sem m.a. segir að "...Ráðherra skal í reglugerð¹⁾ kveða á um skráningu, innflutning, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera hér á landi, sbr. þó 1. mgr. Þar má m.a. birta skrá yfir tegundir sem óheimilt er að flytja til landsins, svo og yfir tegundir sem heimilt er að rækta hérlandis og sleppa í villtri náttúru, þar með talið á skógræktarsvæðum."

Eftir því sem Náttúruverndarsamtök Íslands komast næst hefur þessi reglugerð ekki enn verið sett af hálfu landbúnaðarráðherra.

³ Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd var vísað í þessa tvo alþjóðlegu sáttmála.

⁴ Sjá http://www.panda.org/news_facts/newsroom/features/index.cfm

lagt undir sig óðul villta laxins, spillt hrygningunni og blandast heimastofninum þannig að hann tapi ýmsum af séreinkennum sínum. Vandamál af þessu tagi geta leitt til verri afkomu villtra laxastofna, fækkun í stofnum og taps á ýmsum arfbundnum séreinkennum sem þróast hafa um árþúsundir hjá hverjum laxastofni fyrir sig. Þetta vandamál er þekkt í Noregi, Svíþjóð og víðar.

Viltur lax er afsprengi þúsunda ára náttúruvals og þróunar á arfberum fiskanna sem leitt hefur til aðlögunar laxins að umhverfinu og gert honum kleift að komast af í fjölbreyttum náttúrulegum búsvæðum. Erfðablöndun við eldislax sem jafnan hefur tapað erfðafræðilegri fjölbreytni má tvímælalaust kalla erfðamengun og getur gert hið náttúrulega úrval villtra laxastofna að engu.

Alvarleg slys hafa þegar gerst á Íslandi og er þar skemmst að minnast þess sem átti sér stað í Neskaupstað fyrr á þessu ári. Laxar fundust fljótlega í ám á Austurlandi. Það ætti að vera víti til varnaðar.

Alþingi ber að leita allra leiða til að nýta ákvæði íslenskra laga og alþjóðlegra samþykka til að vernda íslenska laxastofna og draga úr áhættu vegna laxeldis. Lög sem leyfa innflutning á framanadi lífverum, hvort heldur það er eldislax eða aðrar lífverur verða að standast ítrustu kröfur um náttúruvernd. Í því samhengi bendum við á hversu mikla áherslu umhverfisstjóri ESB leggur á nauðsyn þess að vernda líffræðilegan fjölbreytileika, sbr. ummæli hennar hér að ofan.

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruvermdarsamtaka Íslands,

Arni Finnsson